

Stjórn Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs
Fimmtudaginn 6. september 2018.



10. fundur stjórnar VG, haldinn á Hallveigarstöðum.

Katrín Jakobsdóttir stýrði fundi.

Elín Oddný Sigurðardóttir ritaði fundargerð.

Mætt eru: Katrín Jakobsdóttir, Una Hildardóttir, Daníel E. Arnarson, Ragnar Karl Jóhannsson, Anna Guðrún Þorhallsdóttir, Ingibjörg Þórðardóttir (Á fjarfundi), Hreindís Ylva Garðarsdóttir Holm (UVG), Þóra Elfa Björnsson (EVG), Kolbeinn Óttarson Próppé (fh. Þingflokks). Fh. Starfsmanna; Björg Eva Erlendsdóttir, Lís Kristjánsdóttir og Kári Gautason.

Fundur settur kl. 15.10.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar lögð fram.
Fundargerð stjórnarfundar 10 ágúst 2018 lögð fram og hún samþykkt samhljóða.
2. Dagskrá flokksráðsfundar 12-13 október nk.
Katrín Jakobsdóttir fer yfir drög að dagskrá flokksráðsfundar. Umræður drögin og ýmis praktísk mál rædd. Lagt er til að Óli Halldórsson og Hreindís Ylva Garðarsdóttir Holm stýri fundi og að Elín Oddný Sigurðardóttir og Daníel E. Arnarson sjá um ritun fundarins. Gert er ráð fyrir því að ritnefnd verði að störfum í tengslum við flokksráðsfundinn.
3. Hópastarf á flokksráðsfundi/hópstjórar og málefni.
Eftirfarandi hópar verða að störfum:
 - a. Gildi VG – hópstjórar Daníel Haukur og Katrín Jakobsdóttir.
 - b. Málefni og málamiðlanir – hópstjórar Ingibjörg Þórðar og Anna Guðrún
 - c. Miðlun og upplýsingar – Hópstjórar Kolbeinn og Una
4. Lýsa (fundur fólksins) – dagskrá og þátttaka VG fólks.
Kolbeinn fer yfir aðkomu VG fólks að Lýsu fundi fólksins sem haldinn verður á Akureyri um helgina.

Katrín setur hátíðina. Hreindis Ylva og annar fulltrúi UVG verður einnig á staðnum. Fulltrúar þingflokks eru Kolbeinn og Andrés Ingi verða allan tímann. Steinunn Þóra, Bjarkey og Ólafur Þór verða hluta tímans. Umræður um Lýsu – fund fólksins.

Bjarni Jónsson tekur sæti á fundinum kl. 15.20.

5. Starfshópur um aðgerðaáætlun gegn kynbundnu ofbeldi innan VG
Una Hildardóttir kynnur störf starfshóps sem vinnur að endurskoðun aðgerðaráætlunar gegn kynferðislegu ofbeldi og áreitni innan VG. Hópurinn vinnur áfram fram að næsta stjórnarfundum. Áætlað er að endurskoðuð áætlun mun liggja fyrir á næsta flokksráðsfundi. Lagt til að stjórn fái plaggið sent til yfirlestrar svo hægt sé að koma athugasemdum á framfæri. Starfshópunum falið að vinna málið áfram.
6. Ný stjórn UVG kynnt.
Stjórnarkjör innan UVG kynnt. Hreindís Ylva Garðarsdóttir Holm nýkjörin formaður UVG kynnur starfið framundan hjá UVG.
7. Nýtt frumvarp um fjárframlög til stjórnmalahreyfinga.
Björg Eva kynnur vinnu vegna nýs frumvarps um fjárframlög til stjórnmalahreyfinga sem er í vinnslu.

Álfheiður Ingadóttir tekur sæti á fundinum kl. 16.08.

8. Ársreikningur 2017.
Björg Eva og kynnur ársreikning 2017. Umræður um hann. Ársreikningur 2017 undirritaður af stjórn.
9. Umboð vegna lántöku í formi yfirdráttarheimildar.
Björg Eva leggur fram umboð vegna lántöku í formi yfirdráttarheimildar að allt að 20 miljónum vegna reksturs á árinu 2018. Stjórn samþykkir lántökuheimild og undirritar hana.
10. Önnur mál.
 - a. Sveitarstjórnarráð. Bjarni Jónsson formaður sveitarstjórnarráðs kynnur starfssemi ráðsins í kjölfar nýafstaðinna sveitarstjórnarkosninga. Mikilvægt að halda vel utan um kjörna fulltrúa um land allt og vinna markvisst með svæðisfélögum sem ekki eru með fulltrúa í sveitarstjórn. Mikilvægt er að sveitarstjórnarráð fundi reglulega með stjórn og þingflokki sem og

fundum í tengslum við flokksráðsfundi. Sveitarstjórnarráðið óskar eftir að settar verði reglur um endurgreiðslu ferðakostnaðar í tengslum við starfssemi ráðsins. Umræður um starfssemi sveitarstjórnarráðsins og verkefni framundan á vettvangi sveitarstjórnarstigsins.

- b. EVG er að skipuleggja dagskrá vetrarins. Sex fundir yfir veturinn og þar er alltaf söngur. Nú er framkvæmdanefndin að leita að aðila til að stýra söng á fundum félagsins.

11. Stjórn málaástandið í upphafi þingvetrar.

Katrín Jakobsdóttir og Kolbeinn Óttarsson Proppé fara stuttlega yfir stöðu stjórn mála í upphafi þingvetrar.

Fundi slitið kl. 17.30.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá föstudaginn 5. október